

# Samningur

um framlengingu og breytingar á kjarasamningi

## Launanefndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur  
samningsumboð fyrir

og

## Þroskaþjálfafélags Íslands

### Gildistími

1. desember 2008 – 31. ágúst 2009

---

### 1. grein

#### Breytingar á gildandi samningi

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009, með þeim breytingum sem þessi samningur felur í sér.

### 2. grein

#### Föst mánaðarlaun

Frá 1. desember 2008 tekur gildi launatafla sbr. fylgiskjal 1.

### 3. grein

#### Persónuþpót

Grein 1.7.1. fyrsta málsgrein hljóði svo:

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda persónuþpót 1. desember ár hvert sem nemur 27,9% af desemberlaunum í 18. lfl. 3. þrepi, skv. framangreindri launatöflu. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfelld a.m.k. frá 1. september það ár.

### 4. grein

#### Sérstök orlofsþpót

Orlofsþpót skal vera sem hér segir:

1. maí 2009 kr. 25.200.-

### 5. grein

#### Ferðatími

Grein 5.10 hljóði svo:

#### 5.10 Ferðatími

5.10.1. Þegar starfsmenn ferðast með og annast nemendur og /eða skjólstæðinga á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur og /eða skjólstæðinga greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu. Ef starfsmaður er einn á ferð með skjólstæðingi og annast hann einn skal greitt fyrir þá sólarhringa alla. Ef starfsmaður fer í ferðalag (með skjólstæðingi) að beiðni yfirmanns á frídegi sínum skal hann bættur með öðrum frídegi eða greiðslu yfirvinnu.

### 6. grein

#### Veikindi barna yngri en 13 ára

Grein 12.8.1 hljóði svo:

Foreldri, eða forsjarmaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktaskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

SAD  
MF

## 7. grein

### Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga A-deild

Grein 13.6.1:

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, frá 22. september 2008, hækkar iðgjald vinnuveitanda í A deild sjóðsins úr 11,5% í 12,0% frá 1. janúar 2009 að telja.

Þriðja málgrein greinarinnar orðast því svo:

Launagreiðendur skuldbinda sig til að greiða til A-deildar það viðbótariðgjald sem nauðsynlegt er til þess að standa undir skilgreindum réttindum í A-deild, sem frá 1. janúar 2009 er 12,0%. Til V-deildar sjóðsins greiðir launagreiðandi 11,5% af heildarlaunum. Til V-deildar sjóðsins greiðir launagreiðandi 11,5% af heildarlaunum. Kjósi sjóðfélagi í A-deild að flytja sig eftir að hann hefur verið ráðinn yfir í V-deild sjóðsins, skal iðgjald sjóðfélaga vera 4% og iðgjald launagreiðenda 11,5% af heildarlaunum.

## 8. grein

### Gildistími og gildissvið

Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 27. desember 2008 þá telst hann samþykktur.

Reykjavík, 12. desember 2008

F.h. samninganefndar LN  
með fyrirvara um samþykki  
Launanefndar sveitarfélaga

F.h. Þroskaþjálfafélags Íslands  
með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi  
félagsmanna

Halldís M. Þórunn  
Dórothea Jóhannsdóttir  
Anna Jónsdóttir

Satóna Þórunn  
Guðrún Þórunn  
Halldís T. Daly  
Þórunn Jónsdóttir  
Sigrún Rúst  
Þórunn Þórunn

**Bókanir**  
með samningi  
Launanevndar sveitarfélaga  
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir  
og  
Þroskaþjálfafélags Íslands  
undirrituðum 12. desember 2008

**Bókun 1**

**Endurhæfingarsjóður**

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Frá og með 1. desember 2008 munu sveitarfélög, sem aðild eiga að launanevnd sveitarfélaga, greiða 0,13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning endurhæfingar í vörslu sveitarfélaganna. Þau munu hefja greiðslu í Endurhæfingarsjóð þegar formleg aðild þeirra hefur verið staðfest

**Bókun 2**

**Tímabundin viðbótarlaun - þróunarverkefni**

Ákvæði kjarasamnings aðila varðandi þróunarverkefni um tímabundin viðbótarlaun framlengist út samningatímabilið og fellur út við lok þess. Verkefnið heldur því ekki áfram eftir lok samningstímabilsins nema um annað sé samið.

Frá 1. desember 2008 er ein TV-eining kr. 11.000.

**Bókun 3**

**Undirbúningur vegna flutnings málefna fatlaða frá ríki til sveitarfélaga**

Þroskaþjálfar eru fjölmennasti háskólamenntaði faghópurinn sem starfar að málefnum fatlaðra, sérstaklega þeirra sem búa við þroskahömlun. Flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga mun því hafa afgerandi áhrif á starfsvettvang þroskaþjálfra. Aðilar eru sammála um að setja á laggirnar starfshóp í upphafi ársins 2009 til að undirbúa flutning verkefna um málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

**Bókun 4**

**Vinnutími þroskaþjálfra í grunnskólum**

Samstarfsnefnd aðila skal setja á stofn starfshóp til að vinna leiðbeiningar um skiptingu vinnutíma þroskaþjálfra í grunnskólum. Leiðbeiningar þessar skulu lagðar fyrir samstarfsnefnd til samþykkis og öðlast þá þegar gildi og skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. ágúst 2009.

SAP  
W

# Sérákvæði í kjarasamningi LN og ÞÍ

## 1. grein

### Röðun í launaflokka og starfaskilgreiningar

Starfsheiti

Lfi .1.12..2008

Þroskaþjálfi 1	17
Þroskaþjálfi 2	19
Þroskaþjálfi 3	21
Yfirþroskaþjálfi	25
Yfirþroskaþjálfi leik- og grunnskólum	27
Forstöðuþroskaþjálfi 1	29
Forstöðuþroskaþjálfi 2	32
Ráðgjafaþroskaþjálfi/Forstöðuþroskaþjálfi 3	34
Umsjónarþroskaþjálfi 1	38
Umsjónarþroskaþjálfi 2	40

### Starfaskilgreiningar

#### Þroskaþjálfar starfa þar sem þeirra er þörf í þjónustu sveitarfélaga.

Þroskaþjálfar starfa samkvæmt hugmyndafræði þroskaþjálfunar og siðareglum þroskaþjálfara. Þeir starfa sjálfstætt og bera faglega ábyrgð á störfum sínum. Í starfi þroskaþjálfara felst þjálfun, fræðsla, uppeldi, umönnun, leiðsögn, ráðgjöf og stjórnun. Sérstaða þroskaþjálfara er annars vegar viðtæk og hagnýt þekking á sviði stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar heildrænnar þjónustu og hins vegar einstaklingsmiðuð þjónusta, óháð aldri og aðstæðum

#### Þroskaþjálfi 1

Þroskaþjálfi, fyrstu 3 mánuðina í starfi sem þroskaþjálfi. Starfið felst í almennum störfum sem eru unnin undir ábyrgð og leiðsögn reynds þroskaþjálfara.

#### Þroskaþjálfi 2

Vinnur sjálfstætt og ber faglega ábyrgð. Er í samstarfi við aðila sem tengjast þjónustunotendum/nemendum.

#### Þroskaþjálfi 3

Starfið felur í sér m.a. eitt af eftirtöldu: skipulagningu, samhæfingu og umsjón með sérgreindum verkefnum. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til samstarfsaðila.

Starfar í einu af eftirfarandi: dagþjónustu, stoðþjónustu, leikskóla eða grunnskóla..

SAP  
mf

## **Yfirþroskaþjálfi**

Starfið felur í sér umsjón verkefna og/eða samræmingu faglegs starfs á þjónustueiningunni. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu og viðvarandi verkefnastjórnun. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til samstarfsaðila. Yfirþroskaþjálfi í búsetu, yfirþroskaþjálfi þjónustueiningar í dagþjónustu, umsjón með þroskaþjálfun í grunnskóla.

## **Yfirþroskaþjálfi leik og grunnskóla**

Starfið felur í sér stjórnun og umsjón verkefna og/eða samræmingu faglegs starfs á þjónustueiningunni. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu og viðvarandi verkefnastjórnun. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til samstarfsaðila.

Deildarstjóri í sérdeild/námsveri grunnskóla, sérkennslustjóri í leikskóla.

## **Forstöðuproskaþjálfi 1**

Forstöðuproskaþjálfi í minni dagþjónustu, frítímaþjónustu. Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð, rekstri og samhæfingu starfsemi stofnunar. Ber ábyrgð á þjónustueiningu, innra starfi, starfsmannamálum, rekstri og samskiptum við aðstandendur og samstarfsaðila. Ber ábyrgð á starfs- þjónustu- og rekstraráætlunum einingar. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna.

## **Forstöðuproskaþjálfi 2**

Heimiliseining, skammtímaþjónusta stærri dagþjónusta. Með stærri dagþjónustu er átt við starfsemi með 10 stöðugildum eða fleiri.

Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð, rekstri og samhæfingu starfsemi stofnunar. Ber ábyrgð á þjónustueiningu, innra starfi, starfsmannamálum, rekstri og samskiptum við aðstandendur og samstarfsaðila. Ber ábyrgð á starfs-, þjónustu- og rekstraráætlunum einingar. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna.

## **Ráðgjafarþroskaþjálfi / Forstöðuproskaþjálfi 3**

Ráðgjafarþroskaþjálfi gegnir ráðgjöf, fræðslu, leiðsögn og stuðningi við þjónustunotendur og starfsmenn. Tekur þátt í stefnumótun, markmiðssetningu og nýsköpun innan stofnunar. Ber ábyrgð á verkefnum sínum í samræmi við skipurit stofnunar.

Forstöðuproskaþjálfi sem stjórnar fleiri en einni þjónustueiningu.

## **Umsjónarþroskaþjálfi 1**

Umsjónarþroskaþjálfi gegnir stjórnunar og forystuhlutverki innan stofnunar/málaflokks. Umsjónarþroskaþjálfi hefur í samráði við yfirmann ábyrgð á stefnumótun, markmiðasetningu, kostnaðareftirliti, og nýsköpun.

SMP  
W

Starfið felur í sér umsjón með skilgreindum undirflokki eða þjónstuliðum undir yfirstjórn sviðsstjóra/framkvæmdastjóra. Umsjónarþroskaþjálfari hefur þar sem við á mannaforráð.

## Umsjónarþroskaþjálfari 2

Umsjónarþroskaþjálfari gegnir stjórnunar og forystuhlutverki innan stofnunar/málaflokks s.s. í almennri félagsþjónustu eða sérgreindum málaflokkum sbr. málefnum fatlaðra eða málefnum aldraðra). Umsjónarþroskaþjálfari hefur í samráði við yfirmann ábyrgð á stefnumótun, markmiðasetningu, kostnaðareftirliti, og nýsköpun. Starfið felur í sér umsjón með ákveðnum málaflokki undir yfirstjórn sviðsstjóra/framkvæmdastjóra.. Umsjónarþroskaþjálfari hefur þar sem við á mannaforráð.

## 2. grein

Samþykkt á 24. fundi samstarfnefndar ÞÍ og LN 6. júní 2007.

### Skilgreining þjónustueininga:

Í sólarhringsþjónustu telst ein þjónustueining vera eitt af neðangreindu:

- Eitt sambyli
- Þjónustuíbúðakjarni með allt að 6 íbúðum.
- Ein skammtímavistun.
- Sjálfstæð búsetuþjónusta með a.m.k. 4 þjónustuneytendur\*)

\*)Heimilt er að víkja frá þessu viðmiði til lækkunar ef þjónustuneytandi þarfnast þjónustu sem jafngildir meira en einu stöðugildi.

Í dagþjónustu telst ein þjónustueining vera eitt af neðangreindu:

- Einn vinnustaður, s.s. hæfingarstöð og/eða verndaður vinnustaður.
- Ein frítímamiðstöð (skólavistun).
- Ein sérdeild/námsver í grunnskóla (á við yfirþroskaþjálfara 2 við núverandi skipulag skólakerfis)
- Einn grunnskóli (á við yfirþroskaþjálfara 2 við núverandi skipulag skólakerfis)
- Einn leikskóli (á við yfirþroskaþjálfara 2 við núverandi skipulag skólakerfis)

Þegar talað er um að þroskaþjálfari stjórni fleiri en einni þjónustueiningu er sem dæmi átt við:

- Tvö sambyli
- Eitt sambyli og þjónusta við 4 eða fleiri í sjálfstæðri búsetu
- Tvær skammtímavistir
- Ein skammtímavist og eitt sambyli
- Ein skammtímavist og þjónusta við 4 eða fleiri í sjálfstæðri búsetu
- Ein skammtímavist og ein dagþjónusta

SAP  
MND

Ef forstöðuprospjálfa er falin stjórnunarverkefni utan skilgreindrar þjónustueiningar skal tekið tillit til þess viðbótarálags og breytingar á verkefnum hans með endurskoðun starfslýsingar, skipulagi vinnunnar og / eða launasetningar ef tilefni er til.

SAP  
M

### 3. grein

Skilgreining vinnutíma þroskaþjálfar í grunnskólum sveitarfélaga.

*Þroskaþjálfar í grunnskólum sveitarfélaga hafa vinnuskyldu allt árið, en þeir geta flutt vinnuskil sín milli árstíma, þ.e. unnið meira þann tíma sem skólinn starfa og átt lengra fri á sumrin.*

		Samtals klst. á skólaári
Þjálfun nemenda og undirbúningur	30 klst. x 37 vikur	1.110 klst.
Samráð, námsmat, stöðumat, aðlögun, samstarf við fagaðila utan og innan skólans og foreldraráðgjöf til kennara og annarra starfsmanna, endurmenntun	8 klst. x 36 vikur	288 klst.
Bundin viðvera vegna starfsmannafunda, viðtalstíma og samvinna innan skóla	9,14 klst. x 37 vikur	338 klst.
Undirbúningur utan skólatíma	8 klst. x 8 dagar	64 klst.
	Samtals:	1.800 klst.

#### Skipulag vinnutíma þroskaþjálfar.

Skipulag vinnutíma þroskaþjálfar í leikskólum og grunnskólum skal mótast í samráði viðkomandi stjórnenda með hverjum þroskaþjálfar. Stjórnendur skulu rökstyðja fyrir þroskaþjálfum áform sín um skipulag vinnutímans og endanlega ákvörðunartöku eftir samráðið.

Við ákvörðun vinnutímaskipulagsins skal til viðbótar beinni vinnu með nemendum þess gætt að þroskaþjálfur hafi nægan tíma til gerðar einstaklingsnámsskrár, undirbúnings, náms- og stöðumats, aðlögunar, samstarfs við fagaðila utan og innan skólans og foreldra. Einnig að tryggður sé nægur tími til ráðgjafar til kennara og annarra starfsmanna og skráningar upplýsinga og hvers kyns umsjónarstarfa. Auk þess skal tryggja gott svigrúm fyrir þroskaþjálfar til endur- og símenntunar. Einnig skal ætla tíma til nauðsynlegrar handleiðslu.

Sérstaklega skal fjallað um samvinnu og stuðning annarra starfsmanna við störf þroskaþjálfar við heildarskipulagningu vinnunnar.

Mikilvægt er að mat á skiptingu vinnutíma þroskaþjálfar í einstaka þætti sé raunhæft og að tillit sé tekið til tímabundins álags og árstíðabundinna breytinga á verkefnum hans. Þess skal gætt að sá tími sem þarf til að sinna verkefnum þroskaþjálfar á faglegan og skipulegan hátt þar sem tekið er tillit til framangreindra þátta og rúmast ekki innan dagvinnumarka sé greiddur með yfirvinnukaupi. Stjórnendur skulu nýta sér framangreindar vinnuaðferðir.

SAP  
LST

**Fylgiskjöl**  
með samningi  
Launanevndar sveitarfélaga  
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir  
og  
Þroskaþjálfafélags Íslands

undirrituðum 12. desember 2008

**Fylgiskjal 1.**

Gildandi launatafla samkvæmt grein 1.1.1 hækkar á samningstímanum, sem hér segir:  
Frá 1. desember 2008 hækka allar krónutölur í launatöflu um kr. 20.300.

**BHM**

**Gildir frá 1. desember 2008**

	1	2	3
Lfl.	Að 31 ára	Frá 31. árs	Frá 35 ára
15	232.905	240.771	248.929
16	236.094	244.078	252.358
17	239.331	247.435	255.839
18	242.616	250.842	259.372
19	245.951	254.300	262.958
20	249.336	257.810	266.598
21	252.771	261.373	270.292
22	256.258	264.989	274.042
23	259.798	268.659	277.848
24	263.390	272.384	281.712
25	267.037	276.166	285.633
26	270.738	280.004	289.613
27	274.494	283.899	293.652
28	278.307	287.853	297.753
29	282.177	291.867	301.915
30	286.105	295.940	306.139
31	290.092	300.075	310.426
32	294.139	304.271	314.778
33	298.247	308.531	319.195
34	302.416	312.854	323.679
35	306.648	317.243	328.230
36	310.943	321.697	332.848
37	315.303	326.218	337.537

*Handwritten signature*

38	319.728	330.807	342.295
39	324.219	335.464	347.125
40	328.778	340.192	352.028
41	333.405	344.990	357.003
42	338.102	349.860	362.054
43	342.869	354.804	367.180
44	347.707	359.821	372.384
45	352.618	364.914	377.665
46	357.603	370.083	383.025
47	362.663	375.330	388.466
48	367.798	380.655	393.989
49	373.011	386.061	399.594
50	378.301	391.547	405.283
51	383.671	397.116	411.058
52	389.122	402.768	416.919
53	394.654	408.505	422.869
54	400.269	414.328	428.907
55	405.969	420.239	435.036
56	411.754	426.238	441.257
57	417.626	432.327	447.572
58	423.586	438.507	453.981
59	429.635	444.780	460.486
60	435.775	451.148	467.089
61	442.007	457.610	473.791
62	448.333	464.170	480.593
63	454.753	470.828	487.498
64	461.270	477.586	494.505
65	467.885	484.445	501.619
66	474.598	491.407	508.838
67	481.413	498.474	516.166
68	488.329	505.647	523.604
69	495.350	512.927	531.154
70	502.476	520.316	538.817
71	509.708	527.816	546.595
72	517.049	535.429	554.489
73	524.501	543.156	562.502
74	532.064	550.999	570.635

211  
 UNO

**Yfirlýsing**  
með samningi  
**Launanefndar sveitarfélaga**  
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir  
og  
Proskapjálfafélags Íslands  
undirrituðum 12. desember 2008

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 12. desember 2008

F.h. samninganefndar LN  
með fyrirvara um samþykki  
Launanefndar sveitarfélaga



F.h. Proskapjálfafélags Íslands  
með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi  
félagsmanna

